Alvogen Biotech - jarðvinna



Verkefnið fólst í að grafa og fylla í grunn fyrir líftæknihúsi Alvogens Biotech við Sæmundargötu 15-19.

Verkkaupi lagði til alla hönnun og var hún unnin af verkfræðistofunni Eflu.

Á verktímanum kom í ljós að grúsarefni ofan á mýrarjarðvegi var mun þykkara en gert var ráð fyrir í útboðsgögnum auk þess sem ekki var hægt að nota það efni sem áætlað var í fyllingar í plan austan við grunn. Þessu efni var ekki hægt að aka í Gufunes og þar sem ekki fannst losunarstaður nær en í Bolaöldu varð að keyra því efni þangað. Jókst því mikið akstur á efni í Bolaöldu auk þess sem akstur á fyllingarefni jókst. Jafnframt var ákveðið að keyra efni úr Lambafelli ofan á grófa fyllingu í vegi .

Verkkaupi
Alvogens Biotech

Upphaf framkvæmda
Nóvember 2013

Lok framkvæmda
Febrúar 2014

Eftirlit
Efla



Helstu magntölur:
Gröftur:
Akstur í Gufunes: 26.450 m3
Akstur í annað m.a. Bolaöldu: 16.033 m3
Fylling í vegi og plön: 15.480 m3
Fylling undir hús : 7.868 m3
Jarðvegsdúkur: 6.500 m2
Girðing: 555 m

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is